

Eyjafjarðarsveit
b/t Vigfús Björnsson
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík 6. mars 2019
UST201902-280/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Svönulundur – Eyjafjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar er barst 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Svönulund í Eyjafjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til 8.788 m² íbúðarlóðar fyrir allt að 300 m² íbúðarhús.

Fjarlægð frá vegi

Á uppdrætti tillögunnar kemur fram að fjarlægð frá byggingareit að Finnastaðaveg (824) er 48 m. Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um samgöngur að utan þéttbýlis skal ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólþ nr. 798/1999.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur